

AUGLÝSING

um skrá yfir þau störf hjá Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) sem eru undanskilin verkfallsheimild.

Eftirfarandi er skrá yfir þau störf sem eru undanskilin verkfallsheimild skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, en falla undir 3., 4., 5. og 6. tl. 2. mgr. 19. gr. laganna.

Á sjúkrahúsinu Vogu er starfrækt áfengis- og vímuefnaeðferð. Þar eru rúm fyrir 80 sjúklinga. Á meðferðarheimilunum Vík á Kjalarnesi og Staðarfelli í Dölum eru rúm fyrir 30 sjúklinga á hvorum stað. Sjúklingar á þessum stöðum verða ekki útskrifaðir tafarlaust vegna verkfallsaðgerða. Ennfremur er nauðsynlegt að taka fyrirvaralaust til meðferðar sjúka áfengis- og vímuefnaneytendur.

Sjúkrahúsið Vogur:

Læknar: Alls 2,5 stöðugildi, læknar þessir gegna einnig störfum við meðferðarheimilin Vík og Staðarfelli.

Hjúkrunarforstjóri: Alls 1 stöðugildi.

Hjúkrunarfræðingar: Alls 5,2 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt og 1 staða næturvakt. 1 staða morgunvakt er sinnir viðhaldsmeðferð.

Sjúkraliðar: Alls 2,8 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt og 1 staða kvöldvakt.

Dagskrárstjóri: Alls 1 stöðugildi.

Ráðgjafar: Alls 10 stöðugildi, þar af 4,2 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar, sem raðast þannig: 1 staða kvöldvakt, 1 staða næturvakt 1 staða miðvakt.

Skrifstofa Efstaleiti 7:

Launafulltrúi: Alls 1 stöðugildi.

Auglýsing þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986 kemur í stað auglýsingar sama efnis nr. 58/2016 sem fellur úr gildi.

Reykjavík, 25. febrúar 2016.

F.h. Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann,

Ágúst Jónatansson.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2016